

**42. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
mánudaginn 16. október 2023, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsókn um heimlögn að Minna-Fljóti, heitt og kalt - 2310025

Umsókn um heimlögn vatns- og hitaveitu að Minna-Fljóti L232804.

Lögð var fram umsókn Þrastar Geirssonar um heimlögn vegna hitaveitu og vatnsveitu fyrir Minna-Fljót (L232804), ásamt fylgigögnum.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir umsóknina.

2. Borgarrimi 2. áfangi - 2208024

Uppfærð magnskrá vegna 2. áfanga Borgarrima.

Lagt var fram yfirlit frá Eflu vegna magnaukningar í verkinu vegna framkvæmda við að koma fráveitu á fastan botn.

3. Borgarrimi 2. áfangi - 2208024

9. verkfundur haldinn 19.09.2023 (1. verkfundur 2. áfanga)

Fundargerðin var lögð fram.

4. Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni, 2. áfangi - 2301044

10. verkfundur haldinn 19.09.2023

11. verkfundur haldinn 12.10.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram.

5. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

3. áfangi endurnýjunar fráveitu á Laugarvatni (Samkaup/Lindarbraut)

Farið var yfir hönnunargögn sem liggja fyrir. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að gert verði ráð fyrir því í fjárhagsáætlun næsta árs að ráðist verði í framkvæmdir við áfangann.

6. Endurnýjun fráveitu Bjarkarbraut Laugarbraut Laugarvatni - 2310026

Endurnýjun fráveitu vegna Bjarkarbrautar og Laugarbrautar

Sviðsstjóri gerði grein fyrir verkinu. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna verkhlutans.

7. Reykholt 2 (Skólastjórabústaður), endurbætur - 2012027

Framkvæmdir við skólastjórabústað í Reykholti



100

Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda.

8. Fundargerðir vegna byggingar húss fyrir UTU Hverabraut 6 - 2209023

6. verkfundur haldinn 03.08.2023

7. verkfundur haldinn 29.08.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram.

9. Skólatún malbikun - 2209029

Tilboð í malbikun, Skólatún og stígar.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir tilboðum í malbikun Skólatúns á Laugarvatni, malbiksviðgerðir og stíga.

10. Styrkir vegna aðgengismála - 2310031

Erindi Bergrisans, dags. 04.10.2023, varðandi styrki til aðgengismála.

Erindi Bergrisans var lagt fram. Rætt var um verkefni sem sækja mætti um styrk vegna á árinu 2024. Hámarksstyrkur til Bláskógabyggðar nemur um kr. 1.900.000. Samþykkt var að sækja um styrk vegna endurnýjunar á hurðum á íþróttahúsinu á Laugarvatni.

11. Kvörtun vegna jarðvegstípps í landi Spóastaða - 1905055

Hreinsun á jarðvegstípp í landi Spóastaða, staða mála.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu framkvæmda við að hreinsa jarðvegstíppinn. Terra hefur unnið að hreinsun og er verkinu nánast lokið.

12. Frágangur á jarðvegstípp við Spóastaði - 2310032

Frágangur á jarðvegstípp við Spóastaði að leigutíma loknum í samræmi við samning um leigu á aðstöðu til afsetningar á jarðefnum og óvirkum úrgangi.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir því að skv. samningi þarf að ganga frá jarðvegstíppnum þar sem notkun hans verður hætt. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.

13. Orkuöflun Reykjavellir - 2310033

Minnisblað ÍSOR, dags. 06.10.2023 um könnun á möguleika á jarðhitanýtingu á Reykjavöllum.

Minnisblað ÍSOR var lagt fram. Sviðsstjóri og veitustjóri munu funda með starfsmönnum ÍSOR í vikunni.

14. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Fjárfestingaáætlun 2024 og 3ja ára áætlun 2025-2027

Farið var yfir fyrstu drög að fjárfestingaáætlun fyrir árið 2024.

15. Úttektir eldvarnaeftirlits á mannvirkjum Bláskógabyggðar 2023 - 2309017

Skýrslur eldvarnaeftirlits vegna:


Hverabrautar 2

Lindarbrautar 6

Lindarbrautar 8

Skýrslurnar voru lagðar fram. Sviðsstjóra er falið að vinna að endurbótum á þeim þáttum sem þarfnast úrbóta.

16. Hitaveitumál í Laugardalshólum - 2304028



Minnisblað sviðsstjóra

Stefanía Hákonardóttir vék af fundi undir þessum lið.

Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að afgreiða málið í samræmi við umræður á fundinum.

17. Vatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar - 1810058

Beiðni Ólafar Friðriksdóttur, dags. 14.10.2023, um að sumarhús í landi Brúar (L167220) verði tengt við vatnsveitu Bláskógabyggðar.

Erindi Ólafar var lagt fram. Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að ræða við landeiganda um lagnaleið.

Fundi slitið kl. 17:40.




Stefanía Hákonardóttir




Helgi Kjartansson



Jón Forn Snæbjörnsson



Asta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason



Kristófer Arnfjörð Tómasson